

Appendices:

1. Rules on application of force by police and the use of means of restraints and weapons.
(Point 13)

2. Rules on reaction of prison staff to suicide risks and other matters.
(Point 47)

3. Agreement concluded between the Prison and Probation Administration and the Child Welfare Centre on the accommodation of prisoners under the age of 18.
(Point 97)

4. Rules on the rights of children and compulsory measures in treatment centres operated under the auspices of the Child Welfare Centre.
(Point 125)

REGLUR

um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna.

I. KAFLI

Valdbeiting og valdbeitingartæki lögreglu.

1. gr.

Valdbeiting og lögreglutök.

Lögregla skal ekki grípa til valdbeitingar nema nauðsyn krefji og stig valdbeitingar skal vera í samræmi við aðstæður hverju sinni.

2. gr.

Þjálfun lögreglumanna.

Lögreglumenn skulu hljóta grunnþjálfun í notkun lögreglutaka og sjálfsvörn í Lögregluskóla ríkisins. Lögreglutök og sjálfsvarnaraðferðir sem kenndar eru í Lögregluskólanum skulu samþykktar af ríkislögreglustjóranum.

3. gr.

Skilgreining og notkun fjötra.

Ríkislögreglustjórinn ákveður notkun fjötra til að hefta hreyfingar manna og hvernar gerðar þeir skuli vera. Fjötrar eru eftirfarandi búnaður:

Handjárn: Fjötrar úr málmni sem ætlaðir eru til að hefta handahreyfingar manna.

Bensli: Plastbönd til að hefta hreyfingar manna á höndum og/eða fótum.

Fótajárn: Fjötrar úr málmni sem ætlaðir eru til að hefta fótahreyfingar manna. Þegar fjötrar eru notaðir skal þess getið í lögregluskýrslu og ástæður þess.

4. gr.

Handjárn.

Handjárn skal nota á handtekinn mann eða fanga sé ástæða til að ætla að hann muni reyna flóttu, beita ofbeldi eða valda sjálfum sér eða öðrum tjóni.

Handjárn skal nota ef hinn handtekni eða fanginn er æstur eða órólegur eða ætla má að öryggi hans eða annarra verði ekki tryggt með öðrum hætti.

Handjárn skal nota ef fullnægjandi líkamsleit hefur ekki farið fram og ætla má að hinn handtekni kunni að hafa í förum sínum muni sem hafa sönnunargildi í málinu eða muni sem leggja skal hald á.

Að jafnaði skal handjárna handtekinn mann með hendur fyrir aftan bak þannig að lófarnir snúi út. Ekki skal handjárna mann við annan lögreglumann eða annan mann og ekki skal handjárna mann við fastan hlut nema sérstakar aðstæður krefjist þess.

Við flutning eða fylgd handjárnaðs manns skulu að jafnaði vera tveir lögreglumenn. Þegar handjárnaður maður er fluttur í bifreið skal að jafnaði einn lögreglumaður sitja við hlið hans. Handjárnaður maður skal ekki vera eftirlitslaus.

5. gr. Bensli.

Um heimild og notkun bensla gilda sömu reglur og um handjárn.

Aðeins skal fjöttra mann á fótum með benslum ef rík ástæða er til svo sem ef hann er það æstur eða órólegur að hann er sjálfum sér eða öðrum hættulegur.

6. gr. Fótjárn.

Þegar brýna nauðsyn ber til er notkun fótjárna heimil í fangageymslum lögreglunnar eða öðrum stað sem hún ákveður. Ákvörðun um notkun skal tekin af stjórnanda á vakt hverju sinni. Eftirlit skal haft með föngum í fótjárnnum eigi sjaldnar en á 15 mínútna fresti.

Heimilt er að fjöttra menn á fótum með fótjárnnum við flutning sem öryggisráðstöfun ef rík ástæða er til, t.d. við flutning í flugvél eða hann er svo æstur eða órólegur að hann er sjálfum sér eða öðrum hættulegur.

II. KAFLI Lögregluvopn.

7. gr. Skilgreining vopna.

Ríkislögreglustjórinn ákveður notkun vopna hjá lögreglu samkvæmt þessum reglum. Með vopnum er átt við eftirfarandi tæki:

Kylfur: Barefli til að yfirbuga menn eða verjast árás.

Úðavopn: Úðabrúsar sem innihalda táragas (CS, OC eða annað samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjórans) og ætlaðir eru til að yfirbuga einstakling í návígi.

Gasvopn: Gasbyss, táragas- og reykþúnaður. Einnig gasþúnaður sem skotið er úr skotvopnum.

Hvellvopn: Þúnaður til að trufla og rugla mann. Einungis til notkunar af sérstökum sérþjálfuðum sveitum lögreglu.

Skotvopn: Skammbysa, haglabysa, vélbyss, riffill.

Sprengivopn: Sprengiefni sem notað sem hluti af vopnabúnaði lögreglu.

Úthlutun ofangreindra vopna með leiðbeiningum um notkun þeirra fer eftir nánari ákvörðun ríkislögreglustjórans. Hann gefur leiðbeiningar um nauðsynlegar áætlanir lögregluliða varðandi viðbúnað með vopnum vegna sérstaklega alvarlegra tilvika.

8. gr.
Tegundir vopna.

Ríkislögreglustjórinn ákveður nánar hvernar gerðar vopn skv. 7. gr. skuli vera þ.á.m. tegund búnaðar, hlaupvidd skotvopna o.fl.

Óheimilt er að nota annan búnað og vopn en þann sem samþykktur er af ríkislögreglustjóranum. Innkaup, sala, innflutningur og útflutningur er háður samþykki ríkislögreglustjórans. Skotfæragerð er einnig háð samþykki hans.

Ríkislögreglustjórinn getur í sérstökum tilfellum heimilað notkun annarra vopna en talin eru upp í 7. gr. svo sem rafmagnsvopn o.fl.

9. gr.
Aflifun dýra o.fl.

Reglur þessar gilda ekki um úthlutun skotvopna í tengslum við aflifun dýra eða úthlutun vopna til notkunar hjá sprengjusérfræðingum lögreglu við sprengjueyðingu.

10. gr.
Lögregluhundar.

Lögreglustjórum er heimilt með samþykki ríkislögreglustjórans að þjálfa lögregluhunda til notkunar við valdbeitingu. Þjálfunaráætlun og verklagsreglur við notkun hunda í þessu skyni skulu samþykktar af ríkislögreglustjóranum.

11. gr.
Um notkun úðavopna.

Lögreglu er einungis heimilt að nota úðavopn þegar vægari aðferðir duga ekki til þess að yfirbuga móttþróa manns við handtöku. Þá er ávallt heimilt að nota úðavopn ef heimilt er að nota kylfu.

12. gr.
Úthlutun úðavopna.

Úðavopn eru hluti af búnaði lögreglumanns og úthluta skal þeim til einstakra lögreglumanna með sama hætti og kylfum er úthlutað.

Bannað er að úthluta úðavopnum til annarra en þeirra sem hlotið hafa þjálfun í notkun þess og þeir einir mega nota úðavopn sem hlotið hafa slíka þjálfun. Úðavopn skal ekki notað í nálægð ungra barna nema í neyð.

13. gr.
Fyrsta hjálp.

Skola skal þann með vatni sem beittur er úðavopni. Fáí maður úða beint í augun af stuttu færi skal hann færður til læknisskoðunar ef batamerki koma ekki fljótlega fram. Ef úðavopni er beitt gegn manni sem síðar er færður í fangageymslu, skal hann eiga kost á baði og ómenguðum fötum.

14. gr.

Heimild vegna gæslu öryggis einstaklinga.

Lögreglustjórum er heimilt með samþykki ríkislögreglustjórans að afhenda manni úðavopn til sjálfsvarnar ef hann nýtur sérstakrar gæslu lögreglu, öryggis síns vegna. Lögreglan annast þjálfun í notkun búnaðarins og skal viðkomandi gert skylt að tilkynna lögreglu þegar í stað komi til notkunar. Vopninu skal skilað til lögreglu ef það er mat hennar að ekki sé lengur þörf á því fyrir viðkomandi.

15. gr.

Skýrslugerð.

Gera skal skýrslu í sérhvert sinn sem úðavopni er beitt. Þar komi fram ástæða notkunarinnar, hvernig úðanum var beitt og þær ráðstafanir sem síðar voru gerðar til þess að koma í veg fyrir skaða af völdum efnisins.

16. gr.

Um notkun kylfu.

Þegar aðrar vægari aðferðir duga ekki er lögreglu heimilt að nota kylfu. Einungis er heimilt að nota kylfu þegar brýna nauðsyn ber til í eftirfarandi tilvikum:

- a) Til að afstýra árás á lögreglumanninn sjálfan eða þriðja mann.
- b) Til að handtaka hættulega brotamenn.
- c) Þegar einhver reynir að koma í veg fyrir handtöku eða reynir að frelsa handtekinn mann.
- d) Þegar einhver reynir að hindra lögreglu við störf sín.
- e) Til að knýja fram hlýðni við skipun sem ekki er fylgt, enda sé nauðsynlegt að henni sé framfylgt tafarlaust.

17. gr.

Beiting kylfu.

Kylfu skal beita með þeirri aðgæslu að ekki hljóttist af meira hnjask eða meiðsl en þörf krefur. Lögreglumenn skulu leitast við að hæfa handleggi eða fætur. Ekki má beina höggi að höfði, hálsi, brjósti, nýrnasvæði eða hryggsúlu og forðast skal eftir megni að slá í liðamót. Ekki skal nota kylfu til stungu.

18. gr.

Skýrslugerð.

Beiti lögreglumaður kylfu skal hann strax greina yfirmönnum sínum frá því og rita skýrslu um atvikið. Þar komi fram ástæða notkunarinnar, hvernig kylfunni var beitt og ráðstafanir sem síðan voru gerðar til að koma í veg fyrir skaða af völdum kylfubeitingarinnar. Vinni lögreglumenn undir sameiginlegri stjórn, mega þeir einungis nota kylfu eftir beinni skipun yfirmanns nema svo sé ástatt sem greinir í a) lið 16. gr.

III. KAFLI

Skotvopn, önnur vopn og beiting þeirra.

19. gr.

Geymsla og afhending.

Geyma skal skotvopn, sprengivopn, gasvopn, hvellvopn og fylgibúnað á lögreglustöð. Vopnin skulu geymd með tryggilegum hætti í læstri hirslu eða aðstöðu, þar sem þau eru tilbúin til notkunar. Ríkislögreglustjóri getur sett reglur um vopnageymslur lögreglu.

Lögreglustjóri getur þó ákveðið í samráði við ríkislögreglustjóran að skammbyssur séu hafðar með í lögreglubifreið í sérstökum tilfellum. Sérstakar sveitir lögreglu sem ríkislögreglustjórinn hefur samþykkt starfrækslu á, geta einnig haft önnur skotvopn meðferðis, skv. hans heimild. Tryggilega skal gengið frá vopnum og skotfærum.

Ákvörðun um að hafa gasvopn, gas- og reykþúnað í lögreglubifreið er í höndum lögreglustjóra.

20. gr.

Hlífðarbúnaður.

Skotvesti, skotskýlingarhjálma og eftir atvikum annan hlífðarbúnað skal ávallt geyma á sama stað og skotvopn. Lögreglumenn skulu búast tiltækum hlífðarbúnaði þegar þeir vopnast ef verkefnið krefst ekki annars.

21. gr.

Skráning vopna.

Hjá ríkislögreglustjóranum skal haldin sérstök skrá um vopnaeign lögreglu. Í hana skrá lögreglustjórar upplýsingar um vopn lögregluliða og útgefin lögregluskotvopnaleyfi. Lögreglustjóri skal fela einum lögreglumanni að hafa eftirlit með vörslu, úthlutun og skráningu vopna. Sá lögreglumaður ber ábyrgð á því að varslan sé trygg og vopnin í góðu lagi. Yfirfara og prófa skal vopn reglulega, a.m.k. tvisvar á ári.

Sé um að ræða sérstaka vopnaða sveit lögreglu er framangreint hlutverk varðandi vopn sveitarinnar í höndum daglegs yfirmanns hennar.

22. gr.

Afhending vopna.

Vakthafandi yfirmaður annast afhendingu vopna til lögreglumanna sem skulu kvitta fyrir móttöku. Viðkomandi yfirmaður skal ganga úr skugga um að lögreglumaðurinn hafi gilt skotvopnaskírteini fyrir vopninu.

Heimilt er með samþykki ríkislögreglustjórans að afhenda lögreglumönnum í sérstökum sveitum lögreglu vopn til varanlegrar notkunar meðan þeir gegna störfum í slíkri sveit.

Skotvopn lögreglunnar skal aðeins afhenda lögreglumönnum, sem hafa gilt skotvopnaskírteini.

23. gr.
Vopnum skilað.

Vopnum sem eru afhent vegna einstaka verkefna, skal skilað þegar verkefninu er lokið. Viðkomandi lögreglumaður er ábyrgur fyrir því að skila vopninu og meðfylgjandi skotfærum.

Þegar vopn eru afhent hóp eða vakt, skal stjórnandi kvitta fyrir móttöku og er hann ábyrgur fyrir skilum þeirra að lokinni vakt eða verkefni.

24. gr.
Notkun annarra vopna.

Lögreglumönnum er óheimilt, nema í neyðartilvikum, að nota önnur vopn í starfi en þeim hefur verið úthlutað samkvæmt þessum reglum. Notkun eigin vopna, þó þau séu sömu gerðar og þeim hefur verið úthlutað, er því að öðru jöfnu óheimil.

25. gr.
Notkunarleiðbeiningar.

Ríkislögreglustjórinn skal útbúa notkunarleiðbeiningar um skotvopn, sprengiefni, hvellvopn og gasvopn sem samþykkt eru til notkunar hjá lögreglu.

Vopn skal því aðeins afhenda lögreglumanni, að hann hafi fengið nægjanlega fræðslu og þjálfun í notkun þess og fengið afhentar notkunarleiðbeiningar á viðkomandi vopni.

26. gr.
Skotæfingar og þjálfun.

Allir lögreglumenn skulu hljóta grunnþjálfun í skotvopnareglum og meðferð vopna hjá Lögregluskóla ríkisins. Þeir sem standast lágmarkskröfur, samkvæmt nánari reglum sem ríkislögreglustjórinn setur, skulu útskrifaðir með skírteini fyrir viðkomandi skotvopn.

Ríkislögreglustjórinn gefur fyrirmæli um framkvæmd þjálfunar í notkun sérbúnaðar og stærri skotvopna.

27. gr.
Viðhaldsþjálfun.

Lögreglustjóri skal tryggja að lögreglumenn við embætti hans og hann hefur valið úr hópi réttindamanna, viðhaldi þekkingu á vopnareglum þessum og fái nauðsynlega viðhaldsþjálfun í notkun vopnanna. Árlega skulu viðkomandi lögreglumenn undirgangast vopnaþjálfun og standast verklegt próf í notkun viðkomandi skotvopns, samkvæmt nánari fyrirmælum sem ríkislögreglustjórinn setur varðandi fjölda árlegra æfinga og lágmarkskröfur.

28. gr.
Skotvopnaskírteini lögreglu.

Lögreglumaður sem staðist hefur árlegt hæfnispróf skal fá afhent sérstakt skotvopnaskírteini til staðfestingar á því að hann hafi heimild til að nota viðkomandi skotvopn. Í skírteininu skal tilgreina nafn og persónuupplýsingar ásamt upplýsingum um þau skotvopn sem viðkomandi hefur heimild til að nota og gildistíma.

Útgáfa skotvopnaskírteina er í höndum hvers lögreglustjóra fyrir sig úr landsskotvopnaskrá lögreglu.

29. gr.
Lögregla vopnuð gasvopnum.

Lögreglustjóri setur skrifleg fyrirmæli um hvenær lögreglumenn skuli vopnast með gasvopnum. Óheimilt er að vopnast gasvopnum í einstökum tilvikum nema samkvæmt ákvörðun vakthafandi yfirmanns. Einungis má vopna þá lögreglumenn með gasvopnum sem fengið hafa tilskilda þjálfun.

30. gr.
Lögregla vopnuð skotvopnum.

Lögreglustjórar geta gefið fyrirmæli um að lögreglumenn skuli vopnast skotvopnum þegar:

- a) Talið er að fyrirliggjandi verkefni krefjist þess eða aðstæður eru slíkar að vopnaburður teljist nauðsynlegur, svo sem ef ætla má að lögreglumaður þurfi að eiga við mann sem ástæða er til að ætla að sé vopnaður og líklegur er til að nota skotvopn eða önnur banvæn vopn
- b) Ríkislögreglustjórinn hefur samþykkt eða mælt fyrir um að vopna beri lögreglumenn til að leysa tilgreind verkefni eða við sérstakar aðstæður, svo sem við öryggisgæslu eða verkefni sérstakra sveita lögreglu.

Lögreglustjóra er heimilt í samráði við ríkislögreglustjóran að gefa fyrirmæli um vopnaburð, sem gilda um ákveðinn tíma.

1. mgr. þessarar greinar kemur ekki í veg fyrir að hæstráðandi lögreglumaður á hverjum stað geti gefið fyrirmæli um að lögreglumenn vopnist í neyðartilvikum.

Þegar verkefni krefjast vopnunar skal vopna a.m.k. tvo lögreglumenn hverju sinni en lögreglumenn skulu ekki starfa einir að vopnuðum aðgerðum nema í neyðartilvikum.

Með lögreglumönnum í 1. mgr. er einungis átt við skipaða lögreglumenn sem fengið hafa tilskilda þjálfun. Hér er ekki átt við þá sem hafa löggæsluvald á tilteknu sviði.

31. gr.
Vopnaburður.

Við lögregluaðgerðir skulu lögreglumenn, sem vopnaðir eru skotvopnum, alla jafna vera einkennisklæddir og bera vopn sýnileg utanklæða, nema verkefnið sé þess eðlis að annað sé nauðsynlegt við úrlausn þess.

32. gr.
Gasvopn og hvellvopn.

Gasvopnum og hvellvopnum má einungis beita í sérstökum hættutilvikum eða ef lögregluaðgerð verður ekki framkvæmd á annan hátt án þess að öryggi lögreglumanna sé stefnt í hættu. Hvellvopn eru eingöngu til nota af sérstökum sveitum lögreglu.

33. gr.
Óspektir og óeirðir.

Heimild lögreglustjóra þarf til að nota gasvopn við óspektir og óeirðir. Lögreglumaður getur þó tekið ákvörðun um notkun ef ekki er mögulegt að leita heimildar lögreglustjóra og aðstæður slíkar að notkun sé mjög brýn.

34. gr.
Skotvopn og beiting vopna.

Skotvopni má því aðeins beita gegn manni þegar önnur úrræði eru ekki tiltæk og brýna nauðsyn ber til í því skyni að:

- a) Lögreglumaður verjist lífshættulegri árás á sig eða þriðja aðila.
- b) Yfirbuga og handtaka afbrotamenn sem teljast hættulegir lífi fólks eða öryggi ríkisins.
- c) Koma í veg fyrir alvarlegt ofbeldi gegn fólki eða að verulegu tjóni sé valdið á þjóðfélagslega mikilvægum hagsmunum eða stofnunum, rekstri þeirra eða starfsemi.

35. gr.
Aðvörun.

Telji lögreglumaður að því verði við komið og aðstæður leyfa án þess að skapa aukna hættu fyrir hann eða aðra, skal hann gefa þeim aðvörun sem ógnunin stafar frá og tilkynna að vopni verði beitt til að framfylgja aðgerðunum. Hann skal einnig tilkynna að hann komi fram sem lögreglumaður.

36. gr.
Aðvörunarskot.

Lögreglumenn skulu ekki skjóta aðvörunarskotum. Slíkt er þó heimilt í undantekningartilvikum ef lögreglumaður álitur að því verði við komið og aðstæður leyfa án þess að skapa aukna hættu fyrir hann eða aðra.

Aðvörunarskoti má ekki hleypa af nema til staðar séu skilyrði til að beita skotvopni skv. 34. gr.

37. gr.
Skotvopni beitt gegn manni.

Í ytrustu neyð skal lögreglumaður miða á stærsta hluta þess líkamshluta sem honum er sýnilegur. Telji lögreglumaður að því verði við komið og aðstæður leyfa án

Þess að skapa aukna hættu fyrir hann eða aðra, skal hann reyna að takmarka þann skaða sem af notkun skotvopnsins hlýst svo sem með því að skjóta í fætur viðkomandi.

Hafi skotvopni verið beitt skal ávallt veita alla hugsanlega aðstoð eftir á.

38. gr.

Bifreiðar, bátar, loftför.

Til að stöðva bifreið, bát eða loftfar, má aðeins nota skotvopn ef um sérstaklega hættulega menn er að ræða og brýn þörf er að stöðva þá strax. Skotvopn skal við þessar aðstæður aðeins nota til að hefta för farartækisins enda séu ekki til staðar skilyrði 34. gr.

39. gr.

Sprengivopn.

Sprengivopn má aðeins nota þegar skilyrði 34. gr. um beitingu skotvopna eru til staðar og auk þess telst nauðsynlegt að brjóta sér leið inn í aflokað, eða læst herbergi. Í vissum tilfellum er þó heimilt að nota sprengivopn til þess að trufla eða rugla athygli þess sem handtaka skal eða til að ryðja úr vegi erfiðum hindrunum við úrlausn fyrirliggjandi verkefnis.

Eingöngu þeir lögreglumenn sem fengið hafa til þess þjálfun og sem ríkislögreglustjórinn hefur samþykkt mega nota sprengivopn.

40. gr.

Lögreglumenn undir stjórn yfirmanns.

Lögreglumenn sem starfa saman í hóp skulu vera undir beinni stjórn yfirmanns sem gefur skipanir um notkun vopna. Notkun vopna er einungis heimil eftir skipun yfirmannsins, nema í neyðarvörn.

Ef um er að ræða lögreglumenn sérhæfða í riffilskotfimi skal gefa þeim fyrirmæli fyrirfram um hvort beiting vopnsins sé heimil. Bein skipun um beitingu vopnsins er háð samþykki lögreglustjóra, nema í neyðarvörn.

41. gr.

Skýrslugerð.

Nú hefur lögreglumaður notað eða hótað að nota vopn skv. III. kafla í starfi sínu, og skal hann þá þegar í stað gefa næsta yfirmanni sínum munnlega og síðar skriflega skýrslu með ítarlegum skýringum á ástæðum þess. Lögreglustjóra skal strax tilkynnt um málavexti og skal hann tryggja að gripið sé til nauðsynlegra ráðstafana, þ.m.t. að veitt verði nauðsynleg sálfræðiaðstoð ef vopni hefur verið beitt.

Hafi verið notað eða hótað að nota skot-, sprengi-, hvell- eða gasvopn, skal skýrslan send til ríkislögreglustjórans ásamt skýringum viðkomandi lögreglustjóra.

42. gr.
Skráning.

Öll tilvik þar sem lögregla vopnast með gas-, hvell-, skot- og sprengivopnum skal skráð á sérstök eyðublöð sem ríkislögreglustjórinn lætur útbúa. Fram komi nauðsynlegar upplýsingar varðandi málavexti svo sem ástæðu þess að lögregla vopnaðist, stutta lýsingu á atburðum og hvort skotum hafi verið hleypt af.

43. gr.
Leyfishafaskrá.

Lögreglustjórar skulu halda skrá um þá lögreglumenn sem hafa réttindi til að nota lögregluvopn. Fram komi hverjir hafi hlotið réttindi og á hvaða tegund lögregluvopna auk gildistíma réttinda.

44. gr.
Árlegt yfirlit.

Árlega skal lögreglustjóri senda ríkislögreglustjóranum yfirlit yfir fjölda tilvika þar sem lögreglan hefur vopnast og fjölda þeirra lögreglumanna sem hafa gild réttindi.

45. gr.
Erlendir lögreglumenn eða öryggisverðir.

Ríkislögreglustjórinn getur heimilað erlendum lögreglumönnum og öryggisvörðum að bera vopn við störf sín hér á landi enda starfi þeir undir stjórn lögreglunnar og fylgi reglum þessum um vopnaburð og notkun vopna að öllu leyti. Ríkislögreglustjórinn gefur út sérstök skirteini handa viðkomandi.

IV. KAFLI
Lagastoð og gildistaka

46. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 3. gr. vopnalaga nr. 16 25. mars 1998, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um meðferð og notkun lögreglumanna á skotvopnum o.fl. frá 22. maí 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. febrúar 1999.


Þóðinn Lásson

Þóðinn Lásson

Skýringar með reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna.

Athugasemdir við 1. gr.

Heimildir lögreglu til valdbeitingar eru í lögum nr.19/1991 um meðferð opinberra mála og lögum nr. 90/1996 um lögreglumenn. Ávallt verður að hafa í huga að samræmi verður að vera á milli aðstæðna og þeirrar valdbeitingar sem lögreglumenn grípa til. Valdbeitingin verður að vera nauðsynleg og réttlæt看leg. Úrræði lögreglumannsins og stigmögnun aðferða er sett fram í eftirfarandi valdbeitingarstiga. Með lögregluhundum er átt við notkun sérþjálfaðra hunda við valdbeitingu gagnvart fólki.



Athugasemdir við 2. gr.

Lögreglutök kallast þau tók sem beitt er við handtöku og viðurkennd eru til notkunar hjá lögreglu. Nauðsynlegt er að lögreglumenn kunni skil á slíkum tókum því líkamleg valdbeiting er oft nauðsynleg í starfi lögreglunnar. Auk þess þurfa þeir að geta varið sig ef á þá er ráðist.

Athugasemd við 3. gr.

Markmiðið er að lögreglan noti samræmdan búnað sem hefur hlotið viðurkenningu ríkislögreglustjórans. Þá þykir eðlilegt að fram komi í lögregluskýrslum ef fjótrar hafi verið notaðir.

Athugasemdir við 4. gr.

Notkun handjárna er aðeins réttlæt看leg þegar um handtöku eða fangaflutning er að ræða.

Gæta skal þess að handjarnaður maður, eða fjötraður á annan hátt, hefur að nokkru leyti verið sviptur getu til sjálfsbjargar, t.d. ef hann dettur og því þarf lögreglumaður að vera meðvitaður um að hann ber ábyrgð á því að hann skaðist ekki.

Athugasemdir við 5. gr.

Bensli eru hugsuð sem viðbót og skammtímaráðstöfun ef fjötra þarf marga í senn t.d. við fjöldahandtökur eða ef nauðsynlegt er að fjötra mann á fótum í skamman tíma. Við notkun þeirra er nauðsynlegt að gæta þess að að herða þau ekki um of þannig að þau geti valdið meiðslum eða hindrað blóðrás. Við notkun bensla þarf að vera tiltæk töng, klippur eða annað áhald til að unnt sé að fjarlægja þau.

Athugasemdir við 6. gr.

Notkun fótjárna er aðeins réttlætunleg þegar um handtöku eða fangaflutning er að ræða. Börn, ungmenni og gamalt eða veikburða fólk skal ekki setja í fótjárn nema mjög ríkar ástæður séu að baki.

Athugasemdir við 7. gr.

Í greininni eru upptalin þau vopn sem samþykkt eru af ríkislögreglustjóranum til nota hjá lögreglu í dag. Rafmagnskylfur flokkast ekki lengur sem kylfur líkt og var í eldri reglum. Kylfur falla í meginatriðum í tvo flokka. Stuttar kylfur sem lögreglumenn bera á sér daglega við reglubundin störf og stórar kylfur sem lögreglumenn búast vegna sérstakra hættutilfella eða vegna sérstakra verkefna á sviði mannfjöldastjórnunar.

Einnig er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjórinn mæli fyrir um viðbragðsáætlanagerð lögregluliða um vopnaburð og önnur viðbrögð vegna sérstakra verkefna svo sem vopnamála sem upp koma, vopnaðra bankarána o.s.frv.

Athugasemdir við 8. gr.

Markmiðið er að hjá lögreglu sé notaður samræmdur búnaður þannig að vopn séu alls staðar sömu gerðar. Í 3. mgr. 8. gr. er ákvæði um aðrar gerðir vopna sem ríkislögreglustjórinn getur heimilað. Talsvert af nýjum búnaði er í þróun svo sem rafmagnsbyssur, netbyssur, höggskotfæri o.fl. sem heppilegt kann að heimila notkun á í sérstökum tilvikum í náinni framtíð.

Athugasemdir við 9. gr.

Notkun skotvopna við slíkar aðstæður er annars eðlis en reglur þessar ná yfir. Því fer notkun skotvopna við aflifun dýra eftir nánari fyrirmælum ríkislögreglustjórans. Notkun sprengjusérfræðinga fer eftir viðurkenndum starfsreglum á því sviði.

Athugasemd við 10 gr.

Notkun lögregluhunda við valdþeitingu felur í sér að hundarnir eru notaðir sem nokkurs konar vopn í höndum lögreglunnar. Annars vegar þar sem hundinum er beitt til ógnunar t.d. við mannfjöldastjórnun og hins vegar við að yfirbuga hættulega afbrotamenn.

Athugasemdir við 11. gr.

Beiting úðavopns telst vægari aðferð en beiting kylfu. Ávallt þarf þó að hafa í huga að lögreglumenn verða að geta rökstutt beitingu úðavopna og ljóst þarf að vera að önnur vægari úrræði dugi ekki.

Almennt er ætlast til þess að beita úðavopni gegn manni innanhúss. Þó er unnt að beita efniinu utanhúss en þá þarf að huga að vindátt. Reynt skal að sprauta á neðri hluta andlits. Það tekur efnið frá 1 - 30 sekúndur að hafa áhrif. Varað er við því að ekki er öruggt að efnið hafi tilætluð áhrif á einstakling sem er undir miklum áhrifum vímuefna eða er alvarlega geðtruflaður.

Athugasemdir við 12. gr.

Úðabrusum er úthlutað með þar til gerðu slíðri sem brúsin er geymdur í. Einnig eru fáanlegar minni gerðir sem henta, t.d. fyrir óeinkennisklædda lögreglumenn.

Grunnþjálfun í notkun úðavopna fá allir lögreglumenn í Lögregluskóla ríkisins. Gert er ráð fyrir að viðhaldsþjálfun sé hjá hinum einstöku lögregluliðum, hverju fyrir sig. Ekki skal nota úðavopn í nálægð ungra barna vegna þess að öndunarfæri þeirra eru óproskuð og þau ósjálfbjarga. Því er ekki réttlætanlegt að nota úðavopn í nálægð við þau nema í neyð.

Athugasemdir við 13. gr.

Sá sem beittur er úðavopni fær sviða í augu og húð og ónot í öndunarfæri þannig að varnir hans og geta til árásar minnkar meðan áhrifin vara. Eingöngu á að nota kalt vatn til að skola efnið af og áriðandi er að gera það eins fljótt og mögulegt er, t.d. skola hann á staðnum eftir að hann hefur verið færður í handjárn og áður en hann er fluttur á brott ef þess er nokkur kostur. Noti viðkomandi augnlinsur þarf hann að fjarlægja þær áður en hann er skolaður með vatni. Ekki skal nota smyrsl né annað en vatn til að skola efnið af. Nauðsynlegt getur verið að loftræsta þann stað þar sem efnið hefur verið notað.

Athugasemdir við 14. gr.

Samkvæmt vopnalögum er öðrum en lögreglu óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eignast gasvopn og táragasvopn. Lögreglan hefur þá skyldu að halda uppi almannaöryggi og allsherjarreglu en í því felst einnig gæsla öryggis einstakra borgara ef því er að skipta. Stöðug gæsla einstakra borgara allan sólarhringinn er ill framkvæmanleg og því er nauðsynlegt að lögreglan hafi ýmis önnur úrræði til að tryggja öryggi viðkomandi.

Athugasemdir við 15. gr.


Nota skal sérstök stöðluð skýrsluform til að fyrirliggjandi séu staðlaðar upplýsingar um notkunina og hvernig efnið hafi reynst.

Athugasemdir við 16. gr.

Lögreglumönnum er heimilt að beita kylfu í neyðarvörn en einnig til þess að yfirbuga mótþróa hættulegs brotamanns sem handtaka skal ef handtakan verður ekki framkvæmd með öðrum vægari aðferðum. Þá er nauðsynlegt að lögreglan geti afstýrt utanaðkomandi afskiptum ef einhver reynir að koma í veg fyrir handtöku eða hindra lögreglu við störf sín. Sem dæmi varðandi lið e) má nefna fyrirmæli lögreglu til mannfjölda um að dreifa sér.

Athugasemdir við 17. gr.

Til frekari skýringar er hér sýnd teikning af mannslíkamanum til útskýringar á hvar leitast skuli við að beita henni.



Athugasemdir við 18. gr.

Nota skal staðlað skýrsluform um beitingu kylfu. Séu lögreglumenn að störfum undir sameiginlegri stjórn og beiti kylfu samkvæmt fyrirætlunum yfirmanns skal viðkomandi yfirmaður rita skýrsluna.

Athugasemdir við 19. gr.

Sú meginregla gildir að lögreglumenn séu ekki vopnaðir skotvopnum við dagleg störf og vopnin geymd á lögreglustöðvum. Ákvörðun lögreglustjóra eða staðgengils hans um að vopna alla lögreglumenn er því háð samþykki ríkislögreglustjórans.

Athugasemdir við 20. gr.

Séu skotvopn höfð með í lögreglubifreið, sbr. 2. mgr. 19. gr. skal einnig hafa í bifreiðinni nauðsynlegan hlífðarbúnað.

Athugasemdir við 21. gr.

Tilgangur þessarar reglu er sá að lögreglustjóri skipi hæfan lögreglumann og staðgengil hans til þess að annast um vopn embættisins. Viðkomandi sjá um að halda skrá um vopnaeign og hirða um vopnin. Skotvopn í langtímageymslu skulu geymd þannig að þau séu smurð með réttum efnum, með tómum skotgeymum og óspenntum hana. Skotvopn, sprengiefni og gasvopn skal jafnan geyma á þurrum stað með jöfnu hitastigi.

Athugasemdir við 22. gr.

Gert er ráð fyrir að vakthafandi yfirmaður hafi aðgang að lánmarksfjölda skotvopna til að vopna lögreglumenn á vaktinni tafarlaust í neyðartilfellum. Í tilfalli sérstakra sveita lögreglu eru vopnin hins vegar geymd með öðrum búnaði lögreglumannsins tilbúin til tafalausrar notkunar komi til útkalla.

Athugasemdir við 23. gr.

Þegar vopn eru afhent vegna skotæfinga þarf að gera grein fyrir vopnum sem hafa ekki virkað eðlilega og skotfæranotkun.

Athugasemdir við 24. gr.

Þær aðstæður geta skapast, sérstaklega á landsbyggðinni, að nauðsynlegt er fyrir lögreglumenn að grípa strax til tiltækra vopna vegna neyðarástands ef fyrirsjáanlega tekur langan tíma að sækja vopn á lögreglustöð.

Athugasemdir við 25. gr.

Hér er átt við notkunarleiðbeiningar um virkni viðkomandi vopns og hvernig það skuli meðhöndlað.

Athugasemdir við 26. gr.

Það er hlutverk lögregluskólans að kenna mönnum þessar reglur og veita þeim grunnþjálfun í notkun skotvopna. Heimilt er að fela sérstökum sveitum lögreglu eigin grunnþjálfun í meðferð sprengiefnis, hvellvopna, gasvopna og stærri skotvona samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjórans.

Athugasemdir við 27. gr.

Framhaldsþjálfun í meðferð skotvopna, sprengiefnis, hvellvopna og gasvopna er í höndum hvers embættis fyrir sig. Árlega þurfa menn að standast hæfnispróf í notkun viðkomandi vopns til þess að endurnýja vopnaréttindin. Hæfnispróf verða útbúin af hálfu ríkislögreglustjórans og send embættunum.

Athugasemdir við 28. gr.

Bætt verður við landskerfi lögreglu skotvopnaskrá þar sem einnig verða skráðir leyfishafar og réttindi þeirra. Skotvopnaskírteini verðu prentuð út úr landskerfinu.

Athugasemdir við 29. gr.

Hér er gert ráð fyrir að einstakir lögreglustjórar setji viðbragðsáætlanir um hvenær lögreglumenn búist gasvopnum vegna verkefna í samræmi við leiðbeiningar ríkislögreglustjóra skv. 7. gr.

Athugasemdir við 30. gr.

Gert er ráð fyrir að lögreglustjórar setji viðbragðsáætlanir um vopnaburð og önnur viðbrögð vegna sérstakra verkefna svo sem vopnamála sem upp koma, vopnaðra bankarána o.s.frv. í samræmi við leiðbeiningar ríkislögreglustjóra skv. 7. gr.

Athugasemdir við 31. gr.

Meginreglan er að þegar lögreglumenn eru vopnaðir við störf séu þeir einkennisklæddir og beri vopnin sýnileg utanklæða. Enginn vafi má leika á því að lögreglan er venjulega óvopnuð við störf og einungis í undantekningartilvikum að hún vopnist. Það er aðeins í undantekningartilvikum sem vikið er frá meginreglunni ef það er nauðsynlegt í þágu úrlausnar málsins. Svo sem ef einkennisklæðnaður gæti hamlað gegn farsælli úrlausn. Eins má nefna öryggisgæsluverkefni sem kalla á að lögreglumenn séu óeinkennisklæddir við störf.

Athugasemdir við 32. gr.

Notkun gasvopna er tvíþætt. Annars vegar við dreifingu mannfjölda við óeirðir og hins vegar við að yfirbuga mótaðila sem eru afkróaðir á afmörkuðum stað. Í því tilviki eru gasvopn notuð til þess að ná viðkomandi út og auðvelda yfirbugun hans.

Athugasemdir við 33. gr.

Lögreglulið, sem stillt er upp til að dreifa mannfjölda vegna óspekta og óeirða, skal ávallt útbúa með gasbúnaði. Notkun þess er hins vegar háð ákvörðun lögreglustjóra nema í neyð.

Athugasemdir við 34. gr.

Kjarni þessarar greinar er sá að ekki eigi að gripa til skotvopns fyrr en ljóst þykir að önnur úrræði hafa ekki dugað. Vopn eru tæki sem lögreglan getur við vissar aðstæður notað til valdbeitingar þegar líkamlegt vald eða önnur úrræði duga ekki eða verður ekki við komið.

Takmörk fyrir líkamlegri valdbeitingu lögreglunnar er að finna í 12. og 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (alm.hgl) Þetta á bæði við þegar ráðist er á lögreglumann án þess að hann hafi gefið tilefni til þess og eins þegar hann hefst handa sjálfur, t.d. hann leitar uppi lífshættulegan mann og sá veitir mótstöðu og kemur í veg fyrir að lögreglumaðurinn geti gegnt skyldustarfi sínu.

Samkvæmt 12. gr. alm.hgl. má ekki beita vörnum, sem bersýnilega eru hættulegri en árásin og tjón það sem af henni má vænta, svo unnt sé að líta á valdbeitinguna sem lögmæta. Ákvæðið nefnir ekki hver önnur úrræði geti komið til greina. Notkun skotvopns getur stofnað þeim sem aðgerðin beinist að í slíka hættu að ekki á að koma til greina að nota skotvopn nema í neyðaraðstöðu þegar atvik hafa þróast þannig að það er óhjákvæmileg nauðsyn sem síðasta úrræði.

Í a) lið er ákvæði um árás á lögreglumann eða þriðja aðila. Árás telst alvarleg eða hættuleg, þegar lögreglumanninum virðist ógnun beinast að lífi eða heilsu sinni eða þriðja manni, eða honum eða öðrum er hótad með vopni sem lífshætta getur stafað af, svo sem skotvopni, hníf, hættulegu högg- eða kastvopni o.þ.h., sem sá sem ógnar leggur ekki frá sér eftir aðvörðun eða tekur upp að nýju. Það er neyðarvarnarsjónarmið sem veitir lögreglumanninum rétt til að gripa til skotvopns til að verja sig eða þriðja aðila.

Í b) lið er ákvæði um að yfirbuga og handtaka hættulega afbrotamenn. Ákvæðið verður að skoðast í samhengi við 30. gr. um að lögregla sé vopnuð vegna hættulegra verkefna. Beiting skotvopna er einungis heimil ef handtaka verður ekki framkvæmd með öðrum hætti án verulegrar hættu fyrir líf eða heilsu lögreglumanna eða annarra og fyrirliggjandi eru skýrar upplýsingar um að viðkomandi er hættulegur afbrotamaður og að þau afbrot sem hann er grunaður um eða dæmdur fyrir hafi verið mjög alvarleg. Undir slíkt félli manndráp, lífshættuleg líkamsárás, sérstaklega ef hún hefur verið framkvæmd með skotvopni eða öðru lífshættulegu vopni og ætla má að viðkomandi muni fremja fleiri slíka verknaði.

Í c) lið er ákvæði um alvarlegt ofbeldi gegn fólki og verulegt tjón á þjóðfélagslega mikilvægum hagsmunum eða stofnunum s.s. virkjunum, stjórnarstofnunum, sendiráðum o.fl. Sem dæmi má nefna að lögreglumaður á verði við virkjun verði þess var að maður ætlar að sprengja virkjunina í loft upp. Hér þarf að bregðast skjótt við til að afstýra tjóni. Eftir sem áður er það ófrávíkjanlegt skilyrði að önnur úrræði muni augljóslega ekki duga. Þá má nefna sem dæmi að mikill mannföldi skapi mikla yfirvofandi hættu fyrir fólk eða þjóðarhagsmuni. Gegn mannfjölda sem starfar markvisst að því að valda verulegum skaða er einungis heimilt að beita skotvopnum til að dreifa honum og ef lögreglan er búin að missa stjórn á ástandinu og aðrar aðferðir duga ekki til.

Athugasemdir við 35. gr.

Það getur skapað aukna hættu fyrir lögreglumann eða þriðja mann að lögreglumaðurinn kalli aðvörun. Því verður það að vera háð mati lögreglumannsins hvort hann gefi aðvörun eða ekki. Ef hann ákveður að gefa aðvörun skal koma fram í aðvörunni annars vegar að hann sé lögreglumaður og hins vegar að hann muni beita vopninu. Hróp hans gæti t.d. verið: Stans, vopnuð lögregla, stans eða ég mun skjóta.

Athugasemdir við 36. gr.

Aðvörunarskot skapa hættu og skyldi því ekki reyna slíkt nema í undantekningartilfellum. Beiting skotvopna skapar lífshættu fyrir þann sem verður fyrir skoti og því er ekki heimilt að hleypa af aðvörunarskoti nema til staðar séu skilyrði til að beita skotvopni.

Athugasemdir við 37. gr.

Það ræðst af neyðaraðstæðum hvernig vopni er beitt. Lögreglumenn eru þjálfaðir til þess að skjóta einungis í neyð og miða á stærsta hluta þess líkamshluta sem þeim er sýnilegur. Skotið er til þess að stöðva viðkomandi. Öll skot í líkama manns geta valdið dauða eða alvarlegu líkamstjóni og má einungis skjóta ef skilyrði 34. gr. eru fyrir hendi. Í því felst að ekki er heimilt að skjóta með því markmiði að særa viðkomandi ef ekki eru fyrir hendi skilyrði 34. gr. um beitingu skotvopns.

Við notkun skotvopns verður að gæta þess, eftir því sem kostur er, að lífi eða heilsu óviðkomandi manna sé ekki stofnað í hættu. Ef hætta er á því, þarf ástand að vera orðið mjög alvarlegt, ef nota á skotvopn. Ef t.d. stórhættulegur afbrotamaður eða geðsjúkur maður notar sjálfur eða er í þann mund að nota skotvopn eða annað lífshættulegt vopn, getur verið réttlæt看legt að lögreglumaðurinn noti sjálfur skotvopn, þó að það geti stofnað öðrum mönnum í hættu. Þeim mönnum getur verið stofnað í enn meiri hættu, ef afbrotamaðurinn eða geðsjúklingurinn er ekki stöðvaður.

Athugasemdir við 38. gr.

Aðeins í undantekningartilfellum að má nota skotvopn til að stöðva farartæki. Það er skilyrði að maðurinn sé hættulegur. Ennfremur þegar brýn nauðsyn er að stöðva ferð hans strax. Gagnvart öllum mönnum, t.d. sem eru drukknir eða hafa stolið bifreið og stinga af, er ekki réttlæt看legt að nota skotvopn.

Athugasemdir við 39. gr.

Notkun sprengivopna eru aðeins á færi sérstakra sérþjálfaðra sveita lögreglu og undir stjórn sérþjálfaðra sprengjusérfræðinga.

Athugasemdir við 40. gr.

Lögreglumaður sem ásamt fleiri félögum sínum, vinnur að verkefni, skal framkvæma skipanir yfirmannsins um notkun vopna nema honum megi vera ljóst að skipunin sé ólögmat. Ef sá sem stjórnar aðgerðum gefur skipun um að nota vopn, ber hann ábyrgð á að heimildin hafi verið til staðar í vopnareglum. Einstakir lögreglumenn eru hins vegar ábyrgir fyrir því á hvern hátt þeir nota vopnið.

Nú verður lögreglumaður viðskila við félag sína eða þann sem stjórnar þeim, og getur þá lögreglumaðurinn notað skotvopnið að eigin frumkvæði, enda sé notkunin í samræmi við vopnareglurnar.

Í sjálfsvörn getur lögreglumaðurinn notað vopnið þótt hann sé undir beinni stjórn og þótt yfirmaðurinn hafi ekki gefið skipun um að nota vopnið. Lögreglumaðurinn ber sjálfur ábyrgð á því ef hann ákveður af sjálfsdáðum að nota vopnið eða gerir það andstætt fyrirmælum sem gefin hafa verið.

Athugasemdir við 41. gr.

Reynslan erlendis sýnir að lögreglumenn og aðrir sem hafa tekið þátt í aðgerðum þar sem skotvopn hafa verið notuð, þurfi á áfallahjálp og sálrænum stuðningi að halda eftir slíkt.

Athugasemdir við 42.

Slík skráning skal fara fram án tillits til þess hvort ástæða er til lögreglurannsóknar á málinu eða ekki. Skráningin er ekki liður í lögreglurannsókninni.

Athugasemdir við 43. gr.


Lögreglustjórar skrá í landsskrá lögreglu þá lögreglumenn sem hafa verið útskrifaðir hæfir til að nota skotvopn, gasvopn, hvellvopn og sprengivopn.

Athugasemdir við 44. gr.

Slíkt er liður í því að hægt sé að halda yfirlit yfir allt landið um fjölda tilvika sem upp koma á hverju ári og hafa yfirsýn yfir fjölda lögreglumanna sem hægt er að vopna hjá hverju lögregluliði.

Athugasemdir við 45. gr.

Hér er fyrst og fremst um að ræða opinbera erlenda öryggisverði sem fylgja þjóðhöfðingum og öðrum hátt settum mönnum (VIP) sem þurfa stöðu sinnar vegna á sérstakri lífvarðargæslu að halda. Forsenda er að viðkomandi starfi undir stjórn íslenskra lögreglumanna enda talin ástæða til að viðkomandi fái slíka gæslu lögreglunnar hér á landi.



Reglur

um

aðgerðir starfsmanna fangelsa vegna sjálfsvígshættu fanga o. fl.

1. gr.

Reglur þessar gildi þegar:

1. Ætla má að fangi sé í sjálfsvígshættu
2. Vísbendingar berast um að fangi sé í sjálfsvígshættu.
3. Fangi skaðar sig, eða gerir tilraun til sjálfsvígs.
4. Fangi fremur sjálfsvíg.

Um vísbendingar um sjálfsvígshættu ber að hafa hliðsjón af bæklingi um sjálfsvíg og sjálfsvígshættu í fangelsum.

2. gr.

Skrá skal nákvæmlega, í dagbækur eða á sérstök eyðublöð:

1. Vísbendingar um sjálfsvígshættu er fyrir liggja.
2. Hugsanlegar sjálfsvígstilraunir, raunverulegar sjálfsvígstilraunir og sjálfsvíg.
3. Allar aðgerðir vegna sjálfsvígshættu viðkomandi fanga eða sjálfsköðunar hans.

3. gr.

Starfsmaður í fangelsi skal tilkynna forstöðumanni fangelsis tafarlaust ef ætla má að fangi sé í sjálfsvígshættu eða vísbendingar berast um slíkt frá þriðja aðila.

Forstöðumaður skal gera lækni eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni viðvart um hugsanlega sjálfsvígshættu svo fljótt sem auðið er. Með heilbrigðisstarfsmanni er átt við lækni, hjúkrunarfræðing eða sálfræðing. Í öllum tilvikum skal jafnframt gera lækni viðvart hafi það ekki þegar verið gert.

Heilbrigðisstarfsmaður skal meta sjálfsvígshættu fangans og gera tillögur skv. 4. gr. til forstöðumanns um ráðstafanir.

Læknir tekur ákvörðun um hvort ástæða er til að flytja fanga á bráðadeild sjúkrahúss vegna sjálfsvígshættu.

4. gr.

Forstöðumaður tekur ákvörðun um ráðstafanir fangelsis vegna sjálfsvígshættu.

Helstu ráðstafanir eru:

1. Aukin aðhlyning fangavarða og heilbrigðisstarfsmanna, s.s. með tíðum viðtölum þeirra við fangann.
2. Aukið eftirlit, s.s. að fylgst sé reglulega með fanga þar sem hann er vistaður.
3. Breyting á vistun í eftirlitsskyni, með reglulegu eftirliti um hurðalúgu eða vistun á klefa með myndarvél sbr. reglur þar um.

Forstöðumaður skal ávallt hafa samráð við heilbrigðisstarfsmann hyggist hann aflétta þeim ráðstöfunum sem ákveðnar hafa verið vegna sjálfsvígshættu.

5. gr.

Fanga í sjálfsvígshættu á ekki að einangra, nema unnt sé að fylgjast stöðugt með honum. Að öðrum kosti ber að vista hann með öðrum föngum en undir reglulegu eftirliti.

Í klefa fanga sem ætla má að sé í sjálfsvígshættu má ekkert vera sem gæti gert fanga kleyft að skaða sig eða gera tilraun til sjálfsvígs.

6. gr.

Ávallt skal hafa samband við lækni ef fangi skaðar sig. Læknir metur ástand fangans, gerir að sárum hans og metur hvort innlögn á bráðadeild er nauðsynleg. Ávallt skal hafa fangavörð á vakt á sjúkrahúsi í slíkum tilvikum.

7. gr.

Þegar í stað skal hafa samband við lækni ef talið er að fangi sé látinn. Í framhaldi af því skal kalla til lögreglu.

8. gr.

Heilbrigðisstarfsmaður skal sjá um að tilkynna nánasta aðstandanda ef fangi er talinn í sjálfsvígshættu eða ef hann hefur skaðað sig. Ef staðreynt er að fangi er látinn skal hafa samband við prest og óska eftir að hann tilkynni um andlátíð.

9. gr.

Forstöðumaður getur falið deildarstjóra eða varðstjóra að taka við tilkynningum og grípa til ráðstafana samkvæmt reglum þessum.

10. gr.

Forstöðumaður skal ávallt senda Fangelsismálastofnun skýrslu um ráðstafanir samkvæmt reglum þessum eigi síðar en næsta dag eftir að þeim hefur verið beitt.

11. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun og ^{innviðskuldeiningum} heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti og taka gildi nú þegar.

Fangelsismálastofnun ríkisins og ~~heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti~~
?? ????? 1999

Fangelsismálastofnun ríkisins og Barnaverndarstofa gera með sér svohljóðandi

samkomulag

um vistun fanga yngri en 18 ára.

1. gr.

Stefnt er að því að fangar yngri en 18 ára verði að jafnaði vistaðir á meðferðarheimilum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna þar sem fram fer sérhæfð meðferð, enda sé talið að það sé honum fyrir bestu.

2. gr.

Þegar Fangelsismálastofnun berst dómur til fullnustu þar sem yngri dómþoli en 18 ára er dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi skal Barnaverndarstofu þegar tilkynnt um það. Barnaverndarstofa skal kanna hvort hún telji mögulegt að dómþoli afpláni refsingu sína á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu, enda liggja fyrir vilji dómþola til slíkrar afplánunar. Komi slík vistun til greina skal Barnaverndarstofa afla afstöðu viðkomandi barnaverndarnefndar til málsins.

3. gr.

Barnaverndarstofa ákveður á hvaða meðferðarheimili ungir fangar eru vistaðir hverju sinni og metur meðal annars hvort ástæða er til að viðkomandi fari í greiningar- og/eða meðferðarvistun á meðferðarstöð ríkisins fyrir unglínga, Stuðla. Um vistun ungra fanga á meðferðarheimili gilda almennt þær verklagsreglur sem almennt gilda um vistun barna á meðferðarheimilum undir yfirumsjón Barnaverndarstofu, t.d. um vistunarsamning. Einnig gilda þær sérreglur sem Fangelsismálastofnun setur í samræmi við samkomulag þetta.

4. gr.

Áður en fangi er fluttur á meðferðarheimili til afplánunar skal liggja fyrir skriflegur samingur við hann og forsjáraðila hans um vistun í meðferð í að minnsta kosti 6 mánuði óháð lengd refsitímans eða úrskurður barnaverndarnefndar. Í samningi skal tekið fram hvað felst í því að vera í meðferð og hvaða lagareglur gilda um meðferðina. Auk þess skal tekið fram að ef fangi brýtur skilyrði sem honum eru sett eða reglur heimilis, svo sem ef hann strýkur eða reynir að strjúka, þá muni hann verða fluttur tafarlaust í fangelsi til áframhaldandi afplánunar. Sama gildir þegar dómþoli er á meðferðarheimilinu þegar dómur kemur til fullnustu og afplánun fer þar fram.

Þegar fangi er fluttur á ný í fangelsi til áframhaldandi afplánunar vegna brota á reglum meðferðarheimilis getur forstöðumaður fangelsisins ákvarðað honum agaviðurlög í samræmi við lög um fangelsi og fangavist.

5. gr.

Barnaverndarstofa skuldbindur sig til að bjóða þeim föngum sem verða 18 ára á tímabilinu vistun út refsitímans ef refsitíminn er ekki liðinn við það tímamark og eftirstöðvar refsitímans eru ekki lengri en 3-6 mánuðir.

6. gr.

Um meðferð fanga og þjónustu við þá gilda að öðru leyti allar almennar reglur um vistun varna á meðferðarheimilum, samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim. Ágreiningur sem upp kann að koma um inntak meðferðar eða aðra slíka þætti meðan vistun varir, svo sem um samskipti við nákomna, réttindi og agaviðurlög fer samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna.

7. gr.

Fangelsismálastofnun sér um flutninga á föngum séu þeir í tengslum við fullnustu á dómi þeirra og ef fangi þar að mæta hjá lögreglu eða dómstólum.

8. gr.

Meðferðarstofnun skal tafarlaust tilkynna Fangelsismálastofnun um stök fanga eða tilraunir til ströks, svo og öll alvarleg agabrot sem upp kunna að koma meðan á meðferð stendur. Sama gildir ef fangi er fluttur á sjúkrahús til dvalar þar.

Fangi skal ekki yfirgefa meðferðarheimili án fylgdar starfsmanns án fyrirfram samþykkis Fangelsismálastofnunar.

9. gr.

Samkomulag þetta sem byggir á 11. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 og 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, sbr. l. nr. 22/1995, sbr. og 51. gr. sömu laga.

Samkomulagið öðlast þegar gildir og er gildistími þess 1 ár. Samningsaðilar lýsa því yfir að samkomulagið skuli endurskoðað áður en það fellur úr gildi.

Reykjavík, 29. október 1998.

F. h. Fangelsismálastofnunar ríkisins



F. h. Barnaverndarstofu.





Reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu

I. KAFLI Inngangur.

1. gr.

Markmið vistunar.

Markmið meðferðarheimila er að veita barni sérhæfða meðferð, auk vistunar á lokaðri deild og skammtímavistunar í neyðar- og bráðatilvikum, þegar barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu með hegðun sinni, svo sem með neyslu vímuefna, afbrotum eða annarri jafnskaðlegri hegðun.

Meginmarkmið vistunar á lokaðri deild og skammtímavistunar í neyðar- og bráðatilvikum er gæsla meðan undirbúin eru frekari úrræði.

Meginmarkmið meðferðar er að aðstoða skjólstæðing við að taka á vandamálum sínum og að undirbúa hann til þess að lifa sjálfstæðu og heilbrigðu lífi innan samfélagsins að vistun lokinni.

2. gr.

Réttindi barna á meðferðarheimilum.

Allt starf á meðferðarheimilum skal miða að því að tryggja börnum almenn mannréttindi, virða persónufrelsi þeirra, rétt þeirra til að hafa samskipti við aðra, rétt þeirra til einkalífs og tjáningar- og skoðanafrelsis. Skal þetta gert innan þess ramma sem leiða má af markmiðum vistunar og með þeim takmörkunum sem nánar er getið um í þessum reglum.

Starfsmenn meðferðarheimila skulu koma fram við skjólstæðinga af virðingu og stuðlað skal að því að skjólstæðingar taki sjálfir ákvarðanir um persónuleg málefni í samræmi við aldur sinn og þroska og markmið vistunar hverju sinni.

Við upphaf vistunar í meðferð skulu starfsmenn kynna skjólstæðingum reglur þessar og aðrar reglur og venjur sem gilda á viðkomandi meðferðarheimili og máli skipta. Forsjáraðilum skjólstæðings skal fá eintak af reglum þessum við gerð vistunarsamnings.

3. gr.

Takmarkanir á réttindum barna.

Heimilt er að takmarka réttindi skjólstæðinga þegar það telst nauðsynlegt til þess að lögmætum meðferðar- og uppeldislegum markmiðum með rekstri meðferðarheimilis verði náð og til verndar lífi og heilsu viðkomandi skjólstæðings, annarra skjólstæðinga, starfsmanna eða til verndar eignum.

Takmarkanir skulu aldrei ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að ná því markmiði sem stefnt er að.

II. KAFLI

Takmarkanir á réttindum barna til samskipta við aðra.

4. gr.

Takmarkanir á samskiptum barna við aðila utan meðferðarheimilis.

Um umgengni og önnur samskipti skjólstæðings við forsjáraðila og aðra nákomna fer eftir reglum þessum og reglum viðkomandi meðferðarheimilis nema barnaverndarnefnd sem vistar barn taki ákvarðanir um annað fyrirkomulag.



Á hverju meðferðarheimili skulu vera til almennar reglur, settar í samráði við Barnaverndarstofu, um umgengni og önnur samskipti skjólstæðings við aðila utan meðferðarheimilis og innbyrðis í samræmi við þá meðferðarstefnu sem er rekin á heimilinu. Forstöðumaður meðferðarheimilis, eða staðgengill forstöðumanns, tekur annars þær ákvarðanir um heimsóknir, símtöl og póstsendingar sem getið er um hér á eftir í 5. og 6. gr.

5. gr.

Takmarkanir á heimsóknum.

Heimilt er að leggja bann við heimsókn leiki grunur á að heimsóknaraðilar beri með sér fíkniefni, hættulega hluti eða ef heimsóknin þykir stríða gegn markmiðum vistunar skjólstæðings.

6. gr.

Takmarkanir á póstsendingum og símtölum.

Heimilt er að skoða póst til skjólstæðings ef rökstuddur grunur er um að honum kunni að vera send fíkniefni eða hættulegir hlutir. Skoðun á pósti skal fara fram að viðstöddum skjólstæðingi og skal forstöðumaður eða staðgengill hans og a.m.k einn annar starfsmaður framkvæma aðgerðina. Fíkniefni skulu í öllum tilfellum afhent lögreglu. Hættulegum hlutum skal eyða með samþykki forsjáraðila eða afhenda þeim til varðveislu. Óski skjólstæðingur eftir því að póstur sé ekki opnaður skal endursenda póstinn með viðhlítandi skýringum eða eyða honum, allt eftir vilja skjólstæðings nema grunur sé á að sending hafi að geyma ólögleg fíkniefni. Í því tilviki skal kalla til lögreglu.

Heimilt er að takmarka bréfaskrif, póstsendingar og símtöl við aðila utan meðferðarheimilis ef þetta getur staðið meðferð eða þroskaferli skjólstæðings fyrir þrifum. Ákvarðanir skulu vera tímabundnar. Með sama hætti er heimilt að hlusta á símtal með samþykki skjólstæðings og rjúfa símtalið ef það þykir nauðsynlegt. Viðmælanda skjólstæðings skal sagt frá því ef hlustað er á símtalið.

Ekki er leyfilegt að opna póst eða hlusta á símtöl til eða frá opinberum aðilum, lögmanni né talsmanni skjólstæðings.

7. gr.

Samskipti barna hvert við annað á meðferðarheimili.

Heimilt er að takmarka samskipti skjólstæðinga innbyrðis á meðferðarheimili ef ljóst þykir að samskiptin séu óæskileg, gangi gegn markmiðum vistunar eða standi meðferð skjólstæðings fyrir þrifum. Skjólstæðingur skal alltaf eiga greiðan aðgang að samskiptum við starfsmenn meðferðarheimilis.

III. KAFLI

Þvingunaraðgerðir.

8. gr.

Bann við valdbeitingu í meðferðar- eða refsingarskyni.

Beiting líkamlegra refsinga, einangrunarvistar, lyfjagjafar án samráðs við lækni og beiting þvingunartækja s.s. eins og snæris, límbanda, belta eða annarra tækja til að fjöttra líkamann er ekki leyfileg, hvorki í refsingarskyni né í uppeldis- eða meðferðartilgangi.

9. gr.

Neyðaraðstæður.

Heimilt er að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir eða stöðva árás eða aðra hegðun sem veldur hættu á tjóni á mönnum og munum. Þvingun skal einungis standa yfir á meðan hættuástand varir og vera í eins miklu samræmi við hegðunina og það tjón sem af henni má vænta eins og frekast er unnt.



10. gr.

Heimild til að stöðva óæskilega hegðun.

Líkamleg þvingun, sem felur í sér að skjólstæðingi er haldið föstum og/eða hann færður milli staða eða herbergja er leyfileg í þeim tilvikum, þegar nauðsynlegt reynist að koma í veg fyrir að skjólstæðingur sýni hegðun sem er með öllu óásættanleg, svo sem ef hegðun hefur skaðleg áhrif á meðferð annarra skjólstæðinga. Áður þurfa þó að hafa farið fram tilraunir til að stöðva hegðunina á sem mildastan máta t.d. með fortölum. Þvingunin skal vera í eðlilegu samræmi við hegðunina og skal ekki vara lengur en brýn þörf er á. Forðast skal að færri en tveir starfsmenn taki þátt í aðgerðinni.

11. gr.

Takmarkanir á frelsi skjólstæðinga.

Í þeim tilvikum þar sem nauðsynlegt er að fjarlægja skjólstæðing vegna óásættanlegrar hegðunar og loka inni fjarri öðrum skjólstæðingum skal að jafnaði einn starfsmaður vera inni hjá viðkomandi eða í nærliggjandi herbergi með ólæsta hurð inn til skjólstæðings. Viðkomandi herbergi skal hafa glugga og vera a.m.k. 6 fm. að stærð. Innlokun þessi skal vara eins stutt og möguleiki er á.

Meðferðarheimilum er heimilt að læsa útidyrum um nætur og á daginn tímabundið eða skv. fyrirmælum forstöðumanns eða staðgengils hans. Ekki er leyfilegt að læsa herbergjum nema samkvæmt ákvæðum IV. kafla um lokaða deild á meðferðarstöð ríkisins.

12. gr.

Heimild til að færa skjólstæðing á lokaða deild.

Eftir stök skjólstæðings eða þegar um stjórnleysi er að ræða, þ.e. þegar aðstæður viðkomandi skjólstæðings eru metnar þannig að honum og/eða öðrum stafi viðvarandi hætta af hegðun hans, eða erfið hegðun fer stigvaxandi og ekki reynist unnt að stöðva þróunina með neinum öðrum hætti, má færa skjólstæðing á lokaða deild skv. IV. kafla til að tryggja öryggi skjólstæðings eða annarra einstaklinga og til að koma í veg fyrir skemmdir á eignum.

Forstöðumaður meðferðarheimilis skal senda ósk um vistun á lokaðri deild til meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglinga, leita samþykkis viðkomandi barnaverndarnefndar vegna slíkrar ráðstöfunar hið fyrsta og tilkynna vistun til Barnaverndarstofu.

Meðferð skjólstæðings skal ætíð endurskipulögð í kjölfar vistunar á lokaðri deild í samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd.

13. gr.

Líkamsleit og leit í herbergi.

Heimilt er að framkvæma líkamsleit þegar komið er með skjólstæðing í skammtímavistun í neyðar- og bráðatilvikum, til annarrar vistunar eða úr hvers konar leyfi. Forstöðumanni meðferðarheimilis er auk þess heimilt að ákveða líkamsleit meðan á vistun stendur leiki grunur á að skjólstæðingur feli á sér fíkniefni eða aðra hættulega hluti. Aldrei skulu færri en tveir starfsmenn framkvæma leitina og skal a.m.k. annar vera af sama kyni og skjólstæðingur.

Forstöðumaður meðferðarheimilis getur ákveðið að taka þvagprufu og senda til rannsóknar eða óska eftir öðrum prófum með samþykki skjólstæðings leiki grunur á að skjólstæðingur sé undir áhrifum eða hafi neytt fíkniefna eða sé haldinn alvarlegum sjúkdómi.

Forstöðumaður meðferðarheimilis getur ákveðið leit í herbergi skjólstæðings leiki grunur á að þar séu falin fíkniefni eða aðrir hættulegir hlutir. Aldrei skulu vera færri en tveir starfsmenn við verkið. Upplýsa skal viðkomandi skjólstæðing um leitina og skal gefa honum kost á að vera viðstaddur ef því verður við komið. Fíkniefni skulu undantekningarlaust afhent lögreglu. Hættulegum hlutum skal eyða með samþykki forsjáraðila eða afhenda þeim til varðveislu.



14. gr.

Viðbrögð við stroki.

Strjúki skjólstæðingur af meðferðarheimili skal tafarlaust tilkynnt um strokið til forsjáradila, barnaverndarnefndar og lögreglu. Lögregla getur fært skjólstæðing aftur á meðferðarheimili eða á lokaða deild meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglínga en almennt tekur viðkomandi barnaverndarnefnd, í samráði við meðferðarheimili, ákvarðanir um hvort grípa skuli til þvingunaraðgerða til að færa skjólstæðing aftur í meðferð og leitar eftir aðstoð lögreglu í því skyni.

Telji meðferðarheimili að skjólstæðingi stafi bráð hættu af stroki t.d. vegna veðurs eða vankunnáttu á umhverfisaðstæðum, getur forstöðumaður eða staðgengill hans heimilað starfsmönnum að sækja skjólstæðinginn hið fyrsta og færa hann aftur á meðferðarheimilið gegn vilja hans. Alltaf skulu a.m.k. tveir starfsmenn vera við leitina og skal einnig gera lögreglu viðvart.

IV. KAFLI

Lokuð deild á meðferðarstöð ríkisins fyrir unglínga.

15. gr.

Almennt.

Á meðferðarstöð ríkisins fyrir unglínga, Stuðlum, skal rekin lokuð deild. Á lokaðri deild má vista skjólstæðinga:

a. Í skammtíavistun í neyðar- og bráðatilvikum skv. a. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 27/1995, sbr. 474/1998, um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglínga.

b. Eftir stök eða stjórnleysi samræmi við 13. gr. þessara reglna, sbr. c. lið 1. mgr. 2. gr. áður nefndrar reglugerðar.

16. gr.

Takmörkun réttinda á lokaðri deild.

Hámarksvistunartími á lokaðri deild skal vera 14 sólarhringar. Skjólstæðingur sem vistaður er á lokaðri deild í meira en 24 klukkustundir skal hafa tækifæri til útiveru a.m.k. í eina klukkustund á dag. Á lokaðri deild er heimilt að hafa læstar útihurðir allan sólarhringinn. Þá er jafnframt heimilt að læsa herbergjum um nætur en starfsmaður skal ávallt vera staddur í næsta herbergi.

17. gr.

Samstarf við lögreglu og lækna.

Ef lögregla flytur skjólstæðing til vistunar á lokaðri deild og hann er stjórnlaus, t.d. vegna ölvunar eða vímuefnaneyslu eða sýnir önnur einkenni um geðræn vandamál, getur starfsmaður sem tekur við skjólstæðingi krafist þess að lögreglan yfirgefi ekki staðinn meðan hættu á ofbeldi eða átökum er til staðar.

Ef skjólstæðingur sem vista skal á lokaðri deild er stjórnlaus getur forstöðumaður eða staðgengill hans kallað til lækni sem veitt getur nauðsynlega lækniþjónustu. Ef læknir metur ástand skjólstæðings svo að skjólstæðingur þurfi þjónustu á heilbrigðisstofnun skal það tafarlaust tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd sem ber ábyrgð á að barnið fái nauðsynlega þjónustu.

V. KAFLI

Skráning upplýsinga og eftirlit.

18. gr.

Skráning upplýsinga.

Forstöðumaður meðferðarheimilis ber ábyrgð á því að allar upplýsingar um vistun skjólstæðings séu skráðar með kerfisbundnum hætti og að varðveita gögn



þannig að þau séu aðgengileg. Öll gögn skulu geymd á tryggum stað og þess gætt að einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að þeim.

Allar ákvarðanir um takmörkun réttinda skjólstæðings skv. II. kafla skulu skráðar ítarlega í dagbók meðferðarheimilis.

Allar ákvarðanir um beitingu þvingunaraðgerða skv. III. kafla skulu skráðar á sérstakar skýrslur og strax sendar Barnaverndarstofu og viðkomandi barnaverndarnefnd. Ef Barnaverndarstofa gerir sérstakar athugasemdir við aðgerðir skulu þær sendar forstöðumanni meðferðarheimilis, viðkomandi barnaverndarnefnd og forsjáradila skjólstæðings.

19. gr.

Kvartanir.

Ef talið er að um brot á þessum reglum sé að ræða geta skjólstæðingar, forsjáradilar, vistunaraðilar og starfsmenn meðferðarheimila komið kvörtunum á framfæri við Barnaverndarstofu. Skyrt er að aðstoða skjólstæðinga við að koma kvörtunum á framfæri.

VI. KAFLI Önnur atriði.

20. gr.

Samningar.

Óheimilt er að gera samninga við skjólstæðinga sem ganga í berhögg við reglur þessar.

21. gr.

Þagnarskylda.

Hverjum þeim sem vinnur á meðferðarheimili fyrir börn er skylt að halda trúnað um allar persónulegar upplýsingar um skjólstæðinga sína, fjölskyldur þeirra og allt það sem fram fer á heimilinu. Forstöðumaður heimilis skal sjá til þessa að allir starfsmenn skrifi undir yfirlýsingu um þagnarskyldu þar sem taka skal fram að þagnarskylda haldist þrátt fyrir að látið sé af starfi.

22. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af Barnaverndarstofu með stoð í 51. og 52. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992, með áorðnum breytingum, og 19. gr. reglugerðar um Barnaverndarstofu nr. 264/1995. Reglurnar gilda um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglínga og öll meðferðarheimili á vegum ríkisins sem rekin eru skv. 5. mgr. 51. gr. barnaverndarlaga og lúta yfirumsjón Barnaverndarstofu.

Reglur þessar gilda frá og með 1. febrúar 1999 og leysa af hólmi reglur um réttindi barna og ungmenna á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu frá 1. nóvember 1997.

Þráttur Þráttur Þráttur / Hætta Þráttur Þráttur